

# Leiðbeiningar um afnotaleyfi frá Creative Commons fyrir fræðilega útgáfu og fræðsluefni

## 1. Um leiðbeiningarnar

Hér verða kynnt afnotaleyfi frá Creative Commons (CC) og samningar við útgefendur. Hvað þarf að hafa í huga þegar rannsóknaniðurstöður eru gefnar út? Hvaða afnotaleyfi skal velja þegar tímaritsgrein er sett í varðveislusafn? Hvaða afnotaleyfi á við þegar kennsluefni er deilt? Þessar leiðbeiningar ættu að hjálpa við val á hentugu afnotaleyfi með því að svara algengum spurningum og skoða hvað hafa þarf í huga við notkun leyfanna.

Allt frá því að drög að fyrstu skilgreiningum á opnum aðgangi (e. *open access*) komu fram snemma á fyrsta áratug 21. aldar, var opin og óhindraður aðgangur að efni ekki eina markmiðið, heldur einnig hvernig mætti endurnýta efni. Í [Búdapest yfirlýsingunni](#) frá 2002 segir:

"by 'open access' [...] we mean its free availability on the public internet, permitting any users to read, download, copy, distribute, print, search, or link to the full texts of these articles, crawl them for indexing, pass them as data to software, or use them for any other lawful purpose, without financial, legal, or technical barriers other than those inseparable from gaining access to the internet itself."

CC afnotaleyfi hafa verið þróuð til að veita skýra lagalega umgjörð, styðja opinn aðgang og endurnýtingu hugverka. Varðandi rannsakendur á þetta einkum við um fræðigreinar, bækur og bókkakafla. Þegar rannsóknaniðurstöður eru gefnar út í „opnum aðgangi“ munu flestir útgefendor biðja höfund að velja CC afnotaleyfi fyrir verkið. Styrkeitendur gera einnig í auknum mæli kröfur um tiltekin CC leyfi því þeir vilja vera vissir um að rannsóknir sem þeir styrkja nýtist eins og kostur er.

## Hvað er Creative Commons?

Creative Commons er alþjóðleg óhagnaðardrifin stofnun, stofnuð í desember 2002, sem hefur það að markmiði að skýra hvað fólk getur gert við efni útgefíð í opnum aðgangi (OA). Fyrir rannsakendur á þetta oftast við um fræðirit eða tímaritsgreinar, en CC afnotaleyfi eru notuð af höfundum alls kyns efnis, s.s. ljósmyndurum, tónlistarmönnum og listamönnum. Nú er 4. útgáfa CC afnotaleyfa í gildi.

## 2. Um höfundarétt og CC afnotaleyfi

CC leyfin eru ekki valkostur við höfundarétt. Þau byggja á höfundarétti og svipuðum réttindum og gilda í jafnlangan tíma og slík réttindi. Leyfin gera rétthöfum hins vegar kleift að nota staðlað sett af skilmálum og skilyrðum varðandi dreifingu og endurnot efnis sem best hentar þeirra þörfum um leið og þau tryggja að höfundar njóti viðurkenningar fyrir verk sín.

### 2.1 Hvað er höfundaréttur?

Höfundaréttur er einkaráttur höfunda til að fjölfalda, gefa út, breyta, dreifa eða selja afrít af verkum sínum. Án leyfis höfundar verks er þriðja aðila óheimilt að gera þetta nema með lögþundnum undanþágum sem kveðið er á um í íslensku höfundaréttarlögunum, ([Höfundalög nr. 73/1972](#)).

Höfundaréttur myndast sjálfkrafa um leið og verk verður til. Fyrir ritverk þýðir það venjulega um leið og verk er ritað. Engin umsókn eða skráning er nauðsynleg. Höfundaréttur á Íslandi helst þangað til 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir látt þess höfundar efnis sem lengst lifir.

Höfundarétt er hægt að framselja til þriðja aðila (einkaaðila eða lögaðila eins og útgáfufyrirtækis) með skriflegum samningi af hálfu rétthafa eða með framsali.

Með CC afnotaleyfi á verki getur höfundur, án flutnings eða framsals höfundarréttar, veitt þriðja aðila ákveðnar heimildir til notkunar verks. Skilmálar CC afnotaleyfa gilda til viðbótar hefðbundnum rétti til tilvitnana í efni eða notkunar við fræðslu og aðra óhagnaðardrifna starfsemi ([Höfundalög nr. 73/1972](#)). Pannig er auðveldara fyrir þriðja aðila að átta sig á undantekningum frá höfundarétti.

### 2.2. Höfundaréttur og samningar við útgefendur

Þegar verk hefur verið samþykkt til útgáfu þarf útgefandi leyfi höfundar til að gefa út, dreifa og geyma verkið á prentuðu og rafrænu formi. Til að gera það mun útgefandi mögulega óska eftir því að höfundur framselji þeim höfundarétt sinn eða veiti leyfi til útgáfu.

Með samningi um framsal höfundaréttar (e. *Transfer of Copyright Agreement*) afhendir höfundur öll réttindi sín að verki til útgefanda og hefur þá ekki stjórn á því hvernig útgefandi notar réttindin. Á hinn bóinn þegar um er að ræða samning um leyfi til útgáfu (e. *Licence to Publish*) heldur höfundur höfundarrétti og veitir útgefanda eingöngu tiltekin leyfi.

*Leyfi til útgáfu* felur ýmist í sér einkarétt (e. *exclusive*) eða ekki (e. *non-exclusive*). Fyrir höfund (e. *licensor*) mun veiting einkaréttar (e. *exclusive*) í flestum tilfellum leiða til sömu niðurstöðu og framsal höfundaréttar. Réttindi höfundaréttarhafa hafa þá verið veitt útgefanda (e. *licensee*) og höfundur getur ekki lengur notið þeirra réttinda. Þess vegna er mikilvægt að gera samning sem **ekki** felur í sér einkarétt

þ.e. „*non-exclusive agreement*“. Með notkun CC afnotaleyfa er á hinn bóginn hægt að gefa öllum leyfishöfum sérstök réttindi með stöðluðum samningi án þess að höfundur glati rétti sínum til eigin verks.

Sumir útgefendur munu biðja höfund að framselja þeim höfundarétt sinn eða gefa þeim einkarétt til útgáfu. Með því að framselja höfundarétt eða veita einkarétt þ.e. „*exclusive*“ á útgáfu, getur höfundur efnisins ekki gengið að því vísu að hann geti notað eigin efni t.d. vistað það í varðveislusafni stofnunar sinnar eða notað það sem prentað námsgagn í kennslu og getur jafnvel þurft að borga fyrir notkun þess.

### 2.3. Algeng réttindi höfundar eftir undirritun útgáfusamnings

Í stöðluðum samningi eru eftirtalin réttindi yfirleitt áskilin höfundum eða veitt útgefendum, hvort sem byggt er á framsali höfundaréttar (e. *Transfer of Copyright Agreement*) eða einkarétti til útgáfu (e. *Exclusive Licence to Publish*):

- Réttur til að afrita verkið allt eða hluta þess til einkanota og kennslu
- Réttur til að endurnýta verkið allt eða hluta þess í safnverk eða kennslubók
- Réttur til að fjölfalda útgefið verk til dreifingar innan stofnunar sem höfundur starfar við.

Ef þessi réttindi eru ekki sérstaklega tekin fram í stöðluðum samningi þarf höfundur að afla leyfis og jafnvel greiða fyrir.

Höfundum er mikið í mun að verk þeirra berist sem víðast, nái til sem flestra og hafi áhrif innan viðkomandi fræðasviðs. Útgáfusamningar geta haft heftandi áhrif í því sambandi og því þurfa höfundar að standa vörð um réttindi sín og hagsmuni í samningaviðræðum við útgefendur. Helstu talsmenn opins aðgangs mælast til þess og í þeim tilgangi hafa samtök þeirra, Scholarly Publishing and Academic Resources Coalition (SPARC), sett saman höfundaviðauka (e. *Author Addendum*) sem hægt er að nota þegar verki er skilað inn til útgáfu.<sup>1</sup>

Að auki hefur cOAlition S tilkynnt stefnu sína um varðveislu réttinda (e. *Rights Retention Strategy*) sem miðar að því að gera vísindamönnum, sem styrktir eru af aðildarstofnunum cOAlition S, kleift að halda rétti sínum á verkinu. Þessi stefna gerir höfundum m.a. kleift að birta í tímariti að eigin vali en halda um leið réttinum til að setja t.d. samþykkt handrit (e. *post-print*) strax í varðveislusafn með CC BY leyfi (sk. græn leið).

## 3. Creative Commons afnotaleyfi

CC leyfi öllum, allt frá einstaklingum til stofnana, staðlaða leið til að nýta sköpunarverk höfunda samkvæmt höfundaréttarlögum. Frá sjónarhlíð þess sem vill endurnýta höfundaréttarvarið verk svarar CC afnotaleyfi spurningunni: „Hvað má ég

gera við þetta verk?“.





CC afnotaleyfin eru sex, eins og sýnt er í töflunni hér að neðan. Þessi leyfi samanstanda af mismunandi samsetningum fjögurra þáttu. Þeir eru:

- Attribution (BY)
- Non-Commercial (NC)
- Share Alike (SA)
- No Derivatives (ND)

Öll afnotaleyfin krefjast „*attribution*“, þ.e. að upprunalegs höfundar sé getið. Öll afnotaleyfin á að nota óbreytt. Höfundar velja eitt afnotaleyfi af þeim sex sem skilgreind hafa verið. Eftir að afnotaleyfi hefur verið valið er það óafturkallanlegt.

Ef val á afnotaleyfi er ekki fyrirfram ákveðið af styrkveitanda þarf höfundur að íhuga hvers konar endurnotkun á verkinu hann vill heimila og hvetja til og sömuleiðis hvaða notkun hann vill koma í veg fyrir. Gott er að nota Licence Chooser við valið.

### Tafla yfir sex algengustu CC leyfin<sup>2</sup>

CREATIVE COMMONS LICENCES <sup>2</sup>		
Licence designation	Licence name	What does this mean for you as an author?
	Attribution	The most liberal of the CC licences apart from CC0 Public Domain Dedication. This licence allows others to distribute, remix, tweak, and build upon a work – also commercially – provided they credit the author for the original creation and clearly indicate that changes were made to the work, if any.
	Attribution ShareAlike	Similar to CC BY; however, others must licence new creations under identical terms. Therefore, all new works reusing (parts of) such work will need to carry the same licence and any derivatives will also allow commercial use. <sup>3</sup>
	Attribution NoDerivatives	This licence allows for redistribution, commercial and non-commercial, provided it is passed along unchanged and in whole, with credit to the author.
	Attribution Non-Commercial	With this licence others must not remix, tweak, or build upon the original work for commercial purposes. Although new works must also acknowledge the author and be non-commercial, reusers do not have to licence their derivative works on the same terms.
	Attribution Non-Commercial ShareAlike	This licence lets others remix, tweak, and build upon the author's work non-commercially, provided they credit the author and licence their new creations under the identical terms.
	Attribution Non-Commercial NoDerivatives	This is the most restrictive of the six licences, only allowing others to download works and share them with others as long as they credit the author, but they cannot change them in any way or use them commercially.

<sup>1</sup> SPARC höfundaviðaukinn er lagagerningur sem breytir samningi við útgefanda og gerir höfundi kleift að hald lykilréttindum að greinum sínum. Viðaukinn er ókeypis úrræði þróað af SPARC í samstarfi við [Creative Commons](#) og [Science Commons](#) sem eru óhagnaðardrifnar stofnanir sem bjóða upp á mismunandi höfundaréttarvalkostí fyrir ólíkar tegundir sköpunarverka.

<sup>2</sup> Höfundaréttur © - Þessi tafla er tekin upp úr *Guide to Creative Commons for Scholarly Publications and Educational Resources licensed with CC-BY 4.0*.

## Dæmi um endurnotkun sem leyfð er með CC BY birtingaleyfi<sup>3</sup>

- Heimilt er að dreifa heildartexta verks til nemenda eða samstarfsmanna.
- Heimilt er að afrita texta fyrir skráningu eða textanám ýmist í viðskiptalegum tilgangi eða ekki.
- Heimilt er að setja heildartexta verks í varðveislusafn eða hlaða því upp á akademískum samfélagsmiðlum.
- Heimilt er að sameina hluta verks öðrum verkum með opið afnotaleyfi í safnrit (t.d. handbók fyrir nemendur eða kennslubók).
- Heimilt er að þýða verk yfir á annað tungumál.
- Heimilt er að breyta töflum og kortum úr tímaritsgrein og endurnýta.

Hver svo sem endurnotkun er samkvæmt CC afnotaleyfi þarf alltaf að geta upprunalegs verks, taka fram hvort því hafi verið breytt, tiltaka hvaða CC afnotaleyfi gildir um verkið og setja inn tengil sem vísar á það.

Auk leyfanna sem talin eru upp í töflunni hér á undan hefur Creative Commons þróað tól þar sem hægt er að tileinka tiltekin verk almenningi, svokallað *CC0 Public Domain* sem jafngildir „*No Rights Reserved*“. Við slíka tileinkun afsalar höfundur sér höfundarétti og öllum skyldum réttindum. Þeir sem endurnota verkið eða byggja á því eru ekki skyldugir til að geta höfundar þó hvatt sé til þess. Þessi leið getur verið gagnleg við ákveðnar aðstæður. Mikilvægt er að allir rétthafar veiti samþykki sitt áður en þessi leið er valin þar sem CC0 leyfi er óafturkallanlegt. [Nánari upplýsingar um CC0.](#)

### 3.1 Hvers vegna hvetja talsmenn opins aðgangs til notkunar CC BY?

Útgáfa í opnum aðgangi miðar að því að gera rannsóknarrit og greinar aðgengileg öllum til að lesa og endurnýta. Í Budapest yfirlýsingunni frá 2002 er mælt með CC BY sem ákjósanlegu afnotaleyfi fyrir opinna aðgang. CC leyfi eru notuð vegna þess að þau bjóða upp á alþjóðlega viðurkennt og löglegt fyrirkomulag sem er í samræmi við markmið opins aðgangs.

Eins og fram kom í töflunni hér að framan er CC BY víðtækasta leyfið, leyfir mest s.s. deilingu (e. *sharing*), endurnotkun í viðskiptalegum tilgangi og breytingar svo framarlega sem upphaflega höfundarins er getið og gefið er skýrt til kynna hvort breytingar hafi verið gerðar á upprunalega verkinu. Talsmenn CC BY segja að leyfið veiti notendum mestan sveigjanleika og auki möguleika á nýsköpun og hagvexti þar sem það heimilar notkun rannsókna í viðskiptalegum tilgangi.

## 4. Birtingaferlið

### 4.1 Að birta með Creative Commons afnotaleyfi

Þegar verk er birt í opnum aðgangi, hjá útgáfufyrirtæki, á pre-print vefþjóni eða í varðveislusafni, þarf yfirleitt að velja CC leyfi. Útgefandi, pre-print vefþjónustan eða varðveislusafnið mun bæta völdu afnotaleyfi við endanlegt útgefið verk.

Velji höfundur að birta verk sitt opið með CC afnotaleyfi velur hann það leyfi sem honum hugnast best. Gott er að nota [Licence Chooser](#) frá Creative Commons við valið og þar er að finna texta eða HTML kóða til að merkja verk með.

#### Dæmi:

- Þetta verk er með leyfi samkvæmt CC BY 4.0. Til að skoða afrit af þessu leyfi, farðu á <https://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>.

eða:

- Þetta verk er með leyfi samkvæmt Creative Commons Attribution 4.0 International License.



eða:

- © útgáfuár, nöfn höfunda, CC BY 4.0. Til að skoða afrit af þessu leyfi, farðu á <https://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>.

Mikilvægt er að allir rétthafar samþykki CC leyfið sem valið er.

Sumir útgefendur krefjast þess að höfundur bæti tilteknu CC leyfi við verk sem vistað er í varðveislusafni. Textadæmið hér að ofan nægir til að uppfylla þetta. Hægt er að kynna sér reglur einstakra útgefenda/tímarita varðandi vistun efnis í opnum aðgangi í varðveislusafni hjá SHERPA/ROMEO.

### 4.2 Að geta upprunalegs höfundar í verki með CC afnotaleyfi

Til að geta upprunalegs höfundar verks með CC leyfi má benda á þessar [Leiðbeiningar](#). Einnig er hægt að nota [Open Attribution Builder](#) sem býr sjálfkrafa til heppilegt orðalag byggt á upplýsingum sem höfundur gefur upp.

### 4.3 Hver á höfundarétt á verki sem gefið er út með CC afnotaleyfi?

Með notkun CC leyfis er höfundarétturinn áfram hjá leyfisveitanda (e. *licensor*). Leyfisveitandi getur aðeins verið núverandi handhafi höfundaréttar eða rétthafi (venjulega höfundur nema hann hafi framselt höfundarétt til útgefanda, sjá einnig 2.2.).

### 4.4 Hver ber ábyrgð á því að skilmálum CC afnotaleyfis sé framfylgt?

Leyfisveitandi er alltaf handhafi höfundaréttar, þ.e. höfundur eða útgefandi. Ef útgefandi á höfundarétt, þá ber hann ábyrgð á að framfylgja leyfinu. Ef höfundur er leyfisveitandi og opnar verkið almenningi þá verður hann að framfylgja leyfinu. Í

<sup>3</sup> Þessi listi með dæmum er unninn upp úr [Open Textbooks, OER & Other Open or Free Resources for Faculty](#). Leyfi samkvæmt Creative Commons Attribution-ShareAlike 4.0 alþjóðlegt leyfi. Hluta af upprunalega textanum hefur verið breytt, hann styttur og blandað saman við eigið efni.

stuttu máli fer það eftir samningnum á milli höfundar og útgefanda – ef einhver slíkur er til staðar. Þess má geta að Creative Commons hvetur eindregið til friðsamlegra úrlausna þegar deilur koma upp um tileinkun (e. *attribution*) – litið er á það sem mikilvægt gildi innan Creative Commons samfélagsins.<sup>4</sup>

#### 4.5 Er hægt að breyta CC leyfi eftir að verk er gefið út?

Eins og fram hefur komið eru CC leyfi óafturkallanleg. Þegar verk hefur verið birt með tilteknu CC leyfi geta leyfishafar (e. *licensees*) haldið áfram að nota verkið samkvæmt skilmálum leyfisins eins lengi og það nýtur verndar höfundaréttar. Þess vegna er mikilvægt að ígrunda vel hvaða leyfi er valið og tryggja samþykki allra rétthafa fyrir því.

### 5. Creative Commons og bækur í opnum aðgangi

Fræðibækur eru í vaxandi mæli gefnar út í opnum aðgangi, einkum í hug- og félagsvísindum. CC afnotaleyfi eru einnig notuð á slík rit. Þessi kafli svarar nokkrum algengum spurningum um bækur og afnotaleyfi Creative Commons.

#### 5.1 Má selja bók sem gefin er út í opnum aðgangi?

Já. Oft er PDF eintak gert aðgengilegt ókeypis en útgefandi heldur áfram að taka greiðslu fyrir prentaða útgáfu bókarinnar og hugsanlega rafbókaútgáfur. Ef höfundur hins vegar velur CC NC afnotaleyfi (e. *non-commercial*) fyrir verk sitt, er óheimilt að nota verkið í viðskiptalegum tilgangi.

#### 5.2 Fær höfundur ritlaun fyrir bók með CC afnotaleyfi?

Það fer eftir samkomulagi milli höfundar og útgefanda, en í grundvallaratriðum er engin ástæða til að ætla að höfundur fái ritlaun vegna sölu bókar sem gefin er út með CC afnotaleyfi. Mikilvægt er að huga að þessu þegar samið er við útgefanda.

#### 5.3 Ef bók er gefin út með CC BY afnotaleyfi er þá hægt að þýða hana án leyfis höfundar?

Já, það er hægt þar sem notkun CC BY leyfir afleidd verk, þar á meðal þýðingar, án þess að leita þurfi leyfis. Athugaðu að afleidd verk þurfa að geta upprunalega verksins, gefa upp tengil á CC leyfið og tilgreina hvort breytingar hafi verið gerðar. Að veita CC BY leyfi þýðir ekki að upphaflegur höfundur styðji afleidd verk. Ef höfundur lætur ND þáttinn (e. *non-derivatives*) fylgja leyfinu verða notendur að biðja leyfisveitanda, útgefanda eða höfund, um leyfi áður en gerð eru afleidd verk, þ.m.t. þýðingar.

### 6. Spurningar um afleiðingar fyrir fræðimennsku

6.1 Hvernig er hægt að nota efni frá þriðja aðila (texta eða myndir) í eigin verkum sem birt eru með CC afnotaleyfi?

CC afnotaleyfi ná aðeins til nýrra verka þar sem höfundur getur einungis veitt leyfi til að nota eigið verk, ekki annarra. Efni frá þriðja aðila sem það verk inniheldur fellur því ekki undir skilmála valins CC leyfis. Hafi höfundur notað efni frá þriðja aðila í verki sínu, t.d. mynd með CC BY leyfi, fellur notkun myndarinnar ekki undir skilmála þess leyfis sem höfundar verksins valdi því. Þetta er vegna þess að myndin hefur áður fengið sérstakt CC leyfi, valið af höfundi hennar. Það er því mikilvægt að efni frá þriðja aðila sé greinilega merkt með því leyfi sem höfundur þess hefur valið, sjá dæmi:

#### Að auðkenna eigið efni og efni frá þriðja aðila<sup>5</sup>

Dæmi um auðkenningu eigin verka:

- Þetta blogg © 2009 Greg Grossmeier er undir Creative Commons Attribution-ShareAlike leyfi: <https://creativecommons.org/licenses/by-sa/3.0> nema annað sé tekið fram.

Dæmi um að auðkenna atriði með mismunandi leyfi:

- Myndin X er © 2009 Jane Park, notuð undir Creative Commons Attribution-Noncommercial leyfi: <https://creativecommons.org/licenses/by-nc/4.0/>.

Þegar atriði í verki frá þriðja aðila (texti, myndir o.s.fr.) eru greinilega auðkennd sem og skilmálarnir sem það efni heyrir undir, hefur það í för með sér að hver sá sem endurnýtir það efni án leyfis frá upprunalega réttthafanum gæti verið að brjóta á höfundarrétti hans.

#### 6.2 Er æskilegt að setja CC afnotaleyfi á rannsóknargögn?

Notkun CC leyfa í tengslum við rannsóknargögn er ekki eins einföld og notkun þeirra á fræðiritum og greinum. Ástæðan er sú að stundum gildir höfundarréttur ekki um þessi gögn. Má þar nefna atriði eins og nöfn og númer sem teljast hluti af almenningseign og falla ekki undir höfundarrétt.

Ef rannsóknargögn teljast upprunaleg gögn ætti að íhuga notkun CC BY leyfis.

#### 6.3 CC afnotaleyfi og ritstuldur

Öll verk geta verið útsett fyrir ritstuldi enda er ritstuldur fyrst og fremst spurning um fræðilegt siðferði. Öll CC leyfi tilgreina nauðsyn þess að geta upprunalegs höfundar þegar viðkomandi verk er notað á einhvern hátt. Allir annmarkar þar á fela í sér brot á höfundarrétti. Ritstuldur er talinn alvarlegt akademískt misferli og á Íslandi er lögð áhersla á vandaða starfshætti í vísindum, ([Lög um vandaða starfshætti í vísindum nr. 70/2019](#)).

<sup>4</sup> <https://creativecommons.org/2020/01/15/thoughts-on-non-amicable-enforcement-of-cc-licenses>

<sup>5</sup> [https://wiki.creativecommons.org/wiki/Recommended\\_practices\\_for\\_attribution](https://wiki.creativecommons.org/wiki/Recommended_practices_for_attribution).

## 6.4 Hvað er hægt að gera ef verk er notað án þess að skilyrði CC leyfis séu virt?

Dæmi um slíkt er þegar sá sem endurnýtir efni með CC leyfi getur ekki upprunalegs höfundar eins og leyfið gerir ráð fyrir. Í því tilviki hefur sá sem endurnýtir efnið ekki lengur leyfi til að nota það og gæti verið ábyrgur fyrir broti á höfundarétti.

Leyfinu er þannig sagt upp fyrir þann notanda sem brotið hefur gegn því. Hins vegar gildir leyfið og skilmálar þess enn fyrir alla aðra notendur. Ef um er að ræða brot á CC leyfi, getur leyfisveitandi haft beint samband við þann sem braut af sér og hvatt hann til að leiðréttá málid eða hafið málsméðferð vegna höfundarréttarbrots.

Almennt gildir að höfundar geta alltaf þurft að taka á málum þar sem verk þeirra eru notuð án þess að vitnað sé til þeirra, sem og þar sem vísvitandi rangfærslur koma fram, óháð leyfum og réttindum.

- Þýða verk á annað tungumál.
- Endurnýta fyrir opið fræðsluefni (sjá 9.1)

## 7.3 CC afnotaleyfi og texta- og gagnanám

Texta- og gagnanám (e. *Text and Data Mining =TDM*) er vélræn vinnsla, reiknirittækni (e. *algorithmic techniques*) til vinnslu á miklu magni texta eða annars konar gagna sem ekki væri hægt að framkvæma handvirk.

Rannsakandi gæti viljað kanna á hvaða hátt hefur verið fjallað um tiltekið málefni undanfarin fimmtíu ár í safni fræðilegra verka (t.d. fræðilegra greina) með texta- og gagnanámi. Þetta er hugsanlega ekki hægt varðandi verk sem enn eru í höfundarétti. Ef verk eru hins vegar með CC BY leyfi væri slíkt hægt.

## 7 Spurningar um endurnotkun

### 7.1 Þýðir CC BY afnotaleyfi að hver sem er getur endurnýtt verk á hvaða hátt sem er?

CC BY leyfi gerir notendum kleift að deila (afrita og dreifa efninu áfram á hvaða miðli eða sniði sem er) og aðlaga (endurgera, umbreyta og byggja ofan á efnið) í hvaða tilgangi sem er, einnig í viðskiptalegum tilgangi. Hins vegar verða notendur efnisins að geta höfundar og tilgreina hvort breytingar hafi verið gerðar á upprunalegu verki. Notendur mega þó ekki gefa í skyn að upprunalegur höfundur styðji eða aðhyllist þær breytingar sem gerðar hafa á nýju verki.

### 7.2 Getur upprunalegur höfundur komið í veg fyrir rangfærslur í afleiddum verkum?

Rétt eins og þegar um ritstuld er að ræða (sjá 6.3) er misnotkun á fræðilegum rannsóknum löngu viðurkennt vandamál. Ekkert í CC leyfi gefur notanda kost á að gefa rangar upplýsingar eða misnota verk höfundar. Ef verk er aðlagð eða notað á þann hátt sem höfundur vill ekki, t.d. vegna þess að það er rangt farið með eða vegna þess að upprunalegur höfundur aðhyllist ekki sjónarmið notanda, getur höfundur farið fram á að hans verði ekki getið sem höfundar.<sup>6</sup>

CC leyfi innihalda einnig „no endorsement, no sponsorship“ klausu (í. ekkert framsal/stuðningur, engin ábyrgð), sem þýðir í raun að notendur megi ekki gefa til kynna að upphaflegur höfundur aðhyllist eða styðji endurnýtingu þeirra á verkinu. Ef þeir brjóta þetta ákvæði, þá brjóta þeir í bága við CC leyfið og verða að hætta að nota verkið. Með slíku broti verður sá sem fyrir því stendur ábyrgur samkvæmt höfundaréttarlögum.

### Dæmi um endurnotkun á verkum sem ekki samræmist ND leyfi

- Breyta myndum – breyta litum, bæta við/eyða einhverjum, klippa myndina til.
- Breyta (hluta af) texta og endurnota hann í nýju verki.
- Sérnísíða efni að ákveðnum stað/fræðasviði/fókus - breyta dæmum, bæta við mismunandi svíðsmyndum, breyta skilmálum sem eiga við aðra fræðigrein.

<sup>6</sup> <https://creativecommons.org/faq/#what-can-i-do-if-i-offer-my-material-under-a-creative-commons-license-and-i-do-not-like-the-way-someone-uses-it>

## 8 Spurningar um notkun í viðskiptalegum tilgangi

### 8.1 Hvers vegna er reynt að takmarka notkun NC afnotaleyfa (*non-commercial*)?

Vegna þess að það er erfitt að segja nákvæmlega til um hvað telst vera viðskiptaleg endurnotkun. Sem dæmi má nefna að ef einhver setur afrit af grein á fræðsluvef sem fær mögulega smávægilegar auglýsingatekjur, mætti líta á það sem endurnotkun í viðskiptalegum tilgangi. Þetta veldur verulegum vandkvæðum í túlkun.

Það er tölverð um hvort „*non-commercial*“ leyfi samsvari „*not-for-profit*“ (í. óhagnaðardrifið). Creative Commons létt gera könnun á á túlkun hugtakanna „*commercial*“ og „*non-commercial*“ hjá bæði höfundum og notendum. Niðurstaðan leiddi í ljós að notkun leyfisins á verkum í góðgerðaskyni var síður álitin „*commercial*“ en þó ekki afgerandi „*non-commercial*“. Með því að leyfa alla endurnotkun í viðskiptalegum tilgangi er þetta vandamál úr sögunni og gerir fólk kleift að endurnýta verkið án þess hafa áhyggjur af því hvort það gæti (óviljandi) haft tekjur af því.

Það sem skiptir hugsanlega enn meira máli fyrir marga er áherslan á að rannsóknir sem eru fjármagnaðar með opinberu fé, skuli vera öllum aðgengilegar og hægt að endurnýta, því það geti hjálpað til við að búa til vörur eða þjónustu sem kemur samfélagini til góða.

### 8.2 Af hverju ætti höfundur að leyfa öðrum að hagnast á hugverkum sínum?

Notkun í viðskiptalegum tilgangi (e. *commercial use*) visar til þess að aðili ætti að ná viðskiptalegu forskoti og afla sér teknar. NC afnotaleyfi (*non-commercial*) kemur hins vegar alfarið í veg fyrir slíkt. Hins vegar geta aðilar verið menningar- eða menntastofnanir s.s. háskólar og söfn. Slíkar stofnanir geta ekki treyst eingöngu á opinbert fjármagn og þurfa að einhverju leytí að treysta á eigin tekjuöflun. Þannig útilokar notkun NC leyfa stóran hóp samtaka og stofnana frá því að endurnýta efni og dregur hugsanlega úr áhrifum verka og sýnileika þeirra.

<sup>7</sup> Nánari upplýsingar frá Creative Commons um skilgreiningu á *non-commercial* fyrir útgáfu 4.0 leyfisins er að finna á: [https://wiki.creativecommons.org/wiki/Defining\\_Noncommercial](https://wiki.creativecommons.org/wiki/Defining_Noncommercial).

Það er sama hver viðskiptaaðilinn er, fyrirhuguð endurnotkun getur leitt til góðs. Má þar nefna lyfjafyrirtæki sem nota texta- og gagnanámstækní til að þróa ný lyf eða bóluefni eða söfnun greina úr virtum tímaritum sem seldar eru sem kennslubækur á prenti í þróunarlöndum þar sem netaðgangur er oft takmarkaður.

Ein af ástæðunum fyrir því að stutt er við opinn aðgang víðsvegar um heiminn, er möguleikinn á að hlúa að og flýta fyrir nýsköpun og efnahagsþróun. Þannig vilja styrkeitendur hámarka félagsleg og efnahagsleg áhrif af rannsóknum sem fjármagnaðar eru af opinberu fé og opinberir aðilar eru ábyrgir fyrir. Notkun á takmarkandi NC leyfi gæti þannig hamlað verulega efnahagslegum og félagslegum vexti.

#### Dæmi um endurnotkun sem NC leyfi útilokar:

- Að dreifa verki í samhengi við sumarnámskeið (e. *summer school course*) sem haldið er í hagnaðarskyni
- Afritun texta fyrir skráningu (e. *indexing*) eða textanám í viðskiptalegum tilgangi
- Endurnotkun verks í tímaritum, dagblöðum eða á vefsíðum sem skila tekjum
- Endurnotkun hluta verks (t.d. töflur eða myndir) í auglýsinga- eða markaðsskyni

## 9 Opið kennsluefni og CC afnotaleyfi

Opið kennsluefni (e. *Open Educational Resources – OER*) heyrir undir regnhlífarhugtakið Opin vísindi. Opið kennsluefni er á ýmsum sniðum og miðlum og tekur til kennslubóka, námsskráa, greina, fyrilestraglösa, myndbanda o.fl. Eins og gildir um annað efni í opnum aðgangi má endurnýta, aðlaga og endurdreifa opnu kennsluefni í ókeypis aðgangi ([UNESCO: Recommendation on Open Educational Resources \(OER\), 2019](#)).

Nauðsynlegt er að opið kennsluefni sé með afnotaleyfi sem leyfa eftirfarandi réttindi:

1. Réttindi til að varðveita (e. *retain*).
2. Réttindi til að endurskoða (e. *revise*).
3. Réttindi til að endurblanda (e. *remix*).
4. Réttindi að endurnýta (e. *reuse*).
5. Réttindi til að endurdreifa (e. *redistribute*).

Pessi réttindi eru veitt notanda af höfundarréttarhafa með samsetningu mismunandi CC afnotaleyfa – BY, SA, NC – eða með því að tileinka efnið almenningi með CC0 leyfi. Skilyrði leyfanna segja til um hvað má og hvað má ekki þegar unnið er með opið kennsluefni.

### 9.1 Hvernig er opið kennsluefni frábrugðið öðrum verkum í opnum aðgangi?

Bæði opið kennsluefni (OER) og efni í opnum aðgangi (OA), s.s. fræðilegar bækur og tímaritsgreinar, fela í sér heimildir um ókeypis og óheftan aðgang. Ólíkt verkum í

opnum aðgangi (OA) sem geta falið í sér allar tegundir CC leyfa, er opið kennsluefni (OER) alltaf með leyfi sem heimilar aðlaganir (CC BY, SA, NC eða samsetningu þessara leyfa). Þannig eiga CC ND leyfi ekki við um opið kennsluefni. Almennt talað tengist opið kennsluefni jafnan kennslu á meðan OA verk eru yfirlleitt afrakstur rannsókna. OA útgáfur geta þó vissulega verið notaðar í kennslu og geta einnig uppfyllt skilyrði um opið kennsluefni (OER), ef það er gefið út með viðeigandi CC leyfi.

#### 9.2 Hvernig gera CC afnotaleyfi kennurum og nemendum kleift að nota opið kennsluefni (OER)?

Notkun CC leyfa er auðveld leið til að halda höfundarétti en geta um leið deilt efni með lögglegum hætti til kennara og nemenda um allan heim. Vegna heimilda/skilmála sem felast í CC leyfum má flétta slíku efni inn í flest námskeið og gera kennurum þannig kleift að nota eða þróa nýstárlegt og nemendamiðað námsefni. Kennrarar geta (lendur)notað slæður með CC leyfi, bækur, námsleiki (e. *simulations*), hugarkort (e. *mind maps*) og myndir og fellt þau inn í tiltokin námskeið sem hluta af kjarna eða ítarefni. Kennrarar geta einnig orðið meðhöfundar að slíku OER efni með því að endurskoða og endurblanda innihald og aðlaga það sérhæfðum námsþörfum; þýða efnið, auðga það með staðbundnum dænum eða uppfæra það í samræmi við nýlega þróun á viðkomandi efnissviði. Til dæmis er hægt að nota opið kennsluefni til að semja opnar kennslubækur sem minnka kostnað nemenda til muna og gera þannig námsefnið aðgengilegra.

#### 9.3 Hvaða áhrif getur Creative Commons efni haft á kennslu?

Ein stærsta hindrunin fyrir þá sem vilja nota opið kennsluefni (OER) er efni frá þriðja aðila og skortur á samþykktri verðlagningu frá útgefendum á slíku efni til að hægt sé að nota það í opnum aðgangi.

Með því að nota CC leyfi á verk er tryggt að bæði höfundur og aðrir geti nýtt efni við kennslu. Eins og áður hefur komið fram geta ákveðnar tegundir framsals höfundarréttar hindrað þetta.

Það að nota CC leyfi á kennsluefni ber vott um skilning á því hvernig vefurinn auðveldar miðlun efnis og endurnýtingu þess. Bækur og annað efnið sem gert er aðgengilegt á netinu með CC leyfi setur færri takmarkanir á dreifingu og aðgengi. Þannig má leiða líkum að því að slíkt efni hafi meiri áhrif og auki líkurnar á áhrifum þess utan hefðbundins háskólastarfs.

#### Orðalisti á ensku

**Attribution (BY):** the original author lets others use their work if they give credit the way the author requests.

**Collection:** the work in its entirety in unmodified form along with one or more other separate and independent works, assembled into a collective whole.

**Derivative (works):** material in any form that is created by editing, modifying or adapting the work, a substantial part of the work, or the work and other pre-existing works. Derivative (works) may, for example, include a translation, adaptation, musical

arrangement, dramatisation, motion picture version, sound recording, art reproduction, abridgment, condensation, or any other form in which the work may be transformed, recast, remixed, tweaked or adapted.

**Distribute:** to make the original and copies of the work or derivative available to the public by means, including publication, electronic communication, storage in digital form or broadcast.

**Licensor:** the individual, individuals, entity or entities that own(s) copyright in the work and are authorised to offer the work under the terms of a CC licence.

**Licensee:** the parties gaining access to the work offered under the terms of a CC licence (publisher, the public).

**Non-Commercial (NC):** the rights holder lets others use the work but for non-commercial purposes only. It does not mean that works may never be used for commercial purposes, but this requires a separate permission from the rights holder.

**No Derivatives (ND):** the rights holder authorizes others to copy, distribute, display, and perform only verbatim copies of the work, but does not grant the permission to make derivative works based upon it. The right to make adaptations is subject to separate permission.

**Original author:** in the case of a literary or artistic work, the individual, individuals, entity or entities who created the work.

**Work:** the literary and/or artistic work offered under the terms of the licence including without limitation any production in the literary, scientific, and artistic domain, whatever may be the mode or form of its expression including digital form, such as a book, pamphlet, and other writing.

**Remix:** mixing material from different sources or multiple works to create a wholly new creation or work. One often cannot tell where one open work ends and another one begins. All remixes are derivative works, but not all derivative works are remixes, e.g. a translation.

**Reproduce:** to make copies of the work by any means, e.g. digitally, including without limitation by sound or visual recordings, by fixation and reproducing fixations of the work and storage of a protected performance or phonogram in digital form or other medium.

**Share Alike (SA):** the rights holder allows others to make derivatives from the author's original work, but they should distribute these derivative works only under a licence which is similar or recognized compatible to the licence that governs the original work.

**Share:** copy and redistribute the material in any medium or format.

**Third-party content:** material created by others.

## Heimildir

Pascal Braak, Hans de Jonge, Giulia Trentacosti, Irene Verhagen og Saskia Woutersen-Windhouwer. (2020). Guide to Creative Commons for Scholarly Publications and Educational Resources (final). Zenodo. <https://doi.org/10.5281/zenodo.4090923>

Þýðingu, styttingu og aðlögun önnuðust Margrét Gunnarsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Þessi bæklingur © 2024 er undir Creative Commons Attribution-4.0 leyfi: <https://creativecommons.org/licenses/by/4.0> nema annað sé tekið fram.